



Spáum 5% verðbólgu í nóvember

Hagstofan birtir septembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 25. nóvember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkan verðbólgan úr 4,5% í 5%. Verðbólga án húsnæðis hefur gengið nokkuð hratt niður að undanfögnu og mældist hún 3,0% í október en hún sló hæst í 4,7% í janúar. Við spáum því að verðbólga án húsnæðiskostnaðar verði 3,3% í nóvember.

Við teljum að helstu áhrifaþættir á verðbólguþróunina í nóvember verði reiknuð húsaleiga, bensín og díselolía og í þriðja lagi húsgögn og heimilisbúnaður. Allir þessi liðir munu veða til hækkunar verðlags. Samanlagt teljum við að áhrif þessara liða verði 0,31% en við spáum því að VNV í heild hækki um 0,47%. Þeir liðir sem helst hafa áhrif til lækkunar eru matur og drykkjarvörur (0,04% áhrif) og kaup ökutækja (0,02% áhrif).

Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV hækki um 0,4% í desember, lækki um 0,2% í janúar og hækki síðan aftur um 0,7% í febrúar. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 5% í febrúar en verðbólga án húsnæðis 3%.


Verðbólgan 4,5% í október

VNV hækkaði um 0,59% milli mánaða í október og mældist 4,5% verðbólga samanborið við 4,3% í september. Áhrif reiknaðrar húsaleigu voru umtalsvert meiri en við reiknuðum með en á móti lækkuðu flugfargjöld meira en við spáðum og kaup ökutækja hækkuðu minna en við spáðum. Við teljum að draga muni úr verðhækkunum á íbúðamarkaði á næstu mánuðum sem mun styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

Í október hækkaði húsnæðisverð í vísitölunni um rúmlega 1,4% milli mánaða. Reiknuð húsaleiga hækkaði um tæplega 1,4%, en áhrif vaxtabreytinga voru tæplega 0,04%. Þetta var mun meiri hækkun reiknaðrar húsaleigu en við áttum von á. Við spáðum því að hún myndi hækka um tæplega 0,9%. Við eigum von á að það dragi úr hækkunartakti húsnæðisverðs og að áhrif vaxtabreytinga til lækkunar á reiknaða húsaleigu hverfi alveg næstu mánuði.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.4%	-0.25%	-0.04%
Áfengi og tóbak	2.6%	0.03%	0.00%
Föt og skór	3.8%	1.10%	0.04%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.7%	0.31%	0.04%
Reiknuð húsaleiga	17.1%	0.77%	0.13%
Húsgögn og heimilisb.	6.6%	1.47%	0.10%
Heilsa	3.6%	0.25%	0.01%
Ferðir og flutningar (annað)	3.8%	0.72%	0.03%
Kaup ökutækja	5.3%	-0.40%	-0.02%
Bensín og díselolía	3.2%	2.50%	0.08%
Flugfargjöld til útlanda	1.4%	1.94%	0.03%
Póstur og sími	1.6%	0.09%	0.00%
Tómst. og menning	9.6%	0.28%	0.03%
Menntun	0.6%	0.07%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.7%	-0.03%	0.00%
Aðrar vörur og þjónusta	7.1%	0.52%	0.04%
Alls	100%		0.47%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



Fasteignaverðshækkanir hafa drifið verðbólguna áfram


Í byrjun árs var verðbólga án húsnæðis 0,4 prósentustigum hærri en verðbólga. Síðan hefur verðbólga án húsnæðis hjaðnað hraðar en verðbólgan og var í október 1,5 prósentustigi lægri. Við eigum von á að verðbólga án húsnæðis hækki aðeins áður en hún lækkar á ný. Þannig spáum við því að verðbólga án húsnæðis fari upp í 3,5% í desember en lækki svo aftur í janúar. Töluverð óvissa er um þróun verðbólgunnar næstu misseri en litið lengra fram í tímann gerum við ráð fyrir að verðbólga bæði með og án húsnæðis nái hámarki í desember en síðan muni draga nokkuð hratt úr verðbólgu á báða þessa mælikvarða.

Olíuverðið ýtir á frekari hækkun á bensíni

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað nær stöðugt frá því það náði lágmarki á síðasta ári í 27,4 bandaríkjadollurum í apríl. Meðalverðið það sem af er nóvember er 82,8 dollarar og hefur það ekki verið hærra eftir faraldur. Við spáum því að verð á bensíni og dísilolíu hækki um 2,5% í nóvember. Gangi sú spá eftir mun 12 mánaða hækkun á dælueldsneyti verða rúm 24% í nóvember. Á þessu tímabili mun heimsmarkaðsverð olíu hafa hækkað um 88%. Minni hækkun á dælueldsneyti skýrist af því að hluti af gjaldi þess er föst krónutala og skattar.


Sorpa hefur tilkynnt um 31% hækkun gjaldskrár í janúar. Þetta er mun meiri hækkun en venja er á þessum árstíma. Við áætluðum að áhrif þessara hækkunar á VNV verði 0,11%.

Verðbólga og verðbólguþá með og án húsnæðis




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Samanburður við fyrri spár



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Dæluverð og heimsmarkaðsverð olíu



Heimsmarkaðsverð á hráolíu í íslenskum krónum
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.